



Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 8. ágúst 2016
Tilv.: MMR15011988/6.14.2-

Efni: Eftirfylgni með úttekt á Barnaskóla Hjallastefnunar

Á haustönn 2014 gerðu úttektaraðilar, Birna Sigurjónsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, á vegum Námsmatsstofnunar úttekt á starfsemi Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ. Úttektin var gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald og skv. þriggja ára áætlun ráðuneytisins um ytra mat. Matið var jafnframt hluti af samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um ytra mat á grunnskólum. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er einkum lögð áhersla á þrjá þætti skólastarfsins, þ.e. stjórnun, nám og kennslu og innra mat. Fjórði þátturinn, skólabragur, var valinn að ósk skólans og sveitarfélagsins.

Umbótaáætlun Barnaskóla Hjallastefnunar í Garðabæ barst ráðuneytinu í tölvupósti, dags. 7. apríl 2015.

Ráðuneytið óskar nú eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru í umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans á skólaárinu 2015-2016. Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. september nk.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri og skólaráð Barnaskóla Hjallastefnunar í Garðabæ og skólanefnd Garðabæjar
Samrit: Hjallastefnan ehf
Pósthólf 177
222 Hafnarfirði